

T I L L A G A

til þingsályktunar um vinnureglur um stjórnslu og starfshætti kirkjuráðs
(Lagt fyrir 54. kirkjuþing 2016)

Flutt af biskupi Íslands
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

Kirkjuþing 2016 ályktar að eftirfarandi vinnureglur gildi um stjórnslu og starfshætti kirkjuráðs frá og með 1. janúar 2017.

Vinnureglur um stjórnslu og starfshætti kirkjuráðs

1. Gildissvið

Reglur þessar gilda um stjórnslu kirkjuráðs, fundi ráðsins, undirbúning þeirra og eftirfylgni.

2. Starfsáætlun

Kirkjuráð gerir ársáætlun fyrir upphaf hvers árs þar sem fundartímar og helstu viðfangsefni hvers fundar eru sett fram eftir málaflokkum. Áætlun er til viðmiðunar en er ekki bindandi. Skal að jafnaði miða við að fundir ráðsins séu annan þriðjudag hvers mánaðar og hefjist kl. 9

3. Boðun til funda

Eftir samþykkt ársáætlunar þarf ekki að boða sérstaklega til kirkjuráðsfunda nema um aukafund sé að ræða. Ákveði biskup að eigin frumkvæði eða að ósk einstakra kirkjuráðsmanna, að breyta fundartíma frá því sem samþykkt er í ársáætlun skal þó boðað til slíks fundar sérstaklega, hafi sú ákvörðun um breyttan fundartíma ekki verið tekin á fundi kirkjuráðs.

4. Fjarfundir

Forseti kirkjuráðs getur samþykkt að einn eða fleiri kirkjuráðsmenn taki þátt í fundi með fjarfundabúnaði eða símleidis.

5. Fundarmenn

Á fundi kirkjuráðs sitja, auk ráðsmanna, framkvæmdastjóri ráðsins, biskupsritari og skrifstofu- og mannauðsstjóri Biskupsstofu.

Forseti kirkjuþings og vígslubiskupar mæta á fundi samkvæmt starfsreglum

Þá sitja fundi kirkjuráðs aðrir starfsmenn ráðsins eða starfsmenn biskups Íslands eftir nánari ákvörðun forseta ráðsins, þegar til umræðu eru málefni sem snerta starfssvið eða sérstök verkefni hlutaðeigandi starfsmanna. Aðrir mæta á fundi kirkjuráðs samkvæmt ákvörðun ráðsins hverju sinni.

6. Forföll

Kirkjuráðsmaður skal án tafar tilkynna forseta um forföll. Skal forseti þá boða varamann í hans stað. Forseti boðar fyrsta varamann viðkomandi en annan varamann ef fyrsti varamaður er forfallaður.

7. Dagskrá og birting fundargagna

Forseti kirkjuráðs semur dagskrá hvers fundar í samvinnu við framkvæmdastjóra. Á dagskrá skal taka þau mál sem kirkjuráði er skylt að sinna og veita úrlausn um. Dagskrá ásamt öðrum fundargögnum skal í öllum aðalatriðum vera tilbúin og hafa birst kirkjuráðsmönnum að jafnaði viku fyrir fund ásamt málgögnum. Óski kirkjuráðsmaður eftir að fá mál tekið fyrir á kirkjuráðsfundi skal hann senda málgögn og/eða tilkynningu um það til framkvæmdastjóra, að jafnaði eigi síðar en þremur dögum fyrir fund. Ef ekki eru gerðar athugasemdir við frávík frá ofangreindum tímafrestum má taka dagskrárliði og/eða málgögn fyrir sem berast síðar. Dagskrá og fundargögn skulu að jafnaði send og birt kirkjuráðsmönnum með rafrænum hætti.

8. Fundarsköp

Forseti stýrir fundi og sér til þess að allt fari fram með góðri reglu.

Forseti getur falið öðrum kirkjuráðsmanni fundarstjórn ef nauðsyn krefur. Ef forseta þykir það henta getur hann haldið mælendaskrá.

Forseti getur takmarkað ræðutíma fundarmanna telji hann það nauðsynlegt til að tryggja greiðan framgang fundar. Kirkjuráðsfundur er ályktunarfær ef meirihluti ráðsins er mættur og boðun hefur farið fram skv. reglum þessum.

Atkvæðagreiðslur á kirkjuráðsfundi fara þannig fram að kirkjuráðsmenn rétta upp hönd til samþykkis. Einfaldan meirihluta þarf til samþykkis mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði forseta.

9. Frestun máls

Ef nauðsyn krefur, kirkjuráð samþykkir eða óski tveir kirkjuráðsmenn þess skal fresta máli til næsta fundar. Heimilt er að fresta máli tvisvar skv. þessu. Ef mál þykir, að mati forseta kirkjuráðs mikilvægt gilda þó ákvæði þessi ekki.

10. Fundargerðir

Fundarritari heldur fundargerð undir stjórn forseta. Fundargerð skal bera með sér hvenær og hvar fundur er haldinn og hverjir séu mættir á fundinn. Þá skal bóka þau mál sem tekin eru fyrir á fundinum, gögn sem lögð eru fram og niðurstöður kirkjuráðs um málið.

Óski einhver kirkjuráðsmaður þess skal færa til bókar orðrétt það sem hann hefur um mál eða niðurstöðu að segja.

Að jafnaði skal fundargerð samþykkt eigi síðar en fimm dögum eftir fund. Ef sérstaklega stendur á má fresta samþykkt fundargerðar þó eigi lengur til næsta fundar. Samþykkt fundargerð skal birt opinberlega á vef kirkjunnar svo skjótt sem kostur er.

Kirkjuráðsmenn og fundarritari undirrita frumeintak samþykkrar fundargerðar á næsta kirkjuráðsfundi er skal lagt til skjalasafns Biskupsstofu og varðveitt þar. Frumrit fundargerðar er frumheimild og réthærri öðrum sem kunna að koma fram. Í lok fimm ára tímabils skulu frumrit fundargerða bundin inn og gegnumdregin.

11. Sérstakt hæfi

Kirkjuráðsmenn víkja sæti og taka ekki þátt í meðferð máls ef vanhæfisástæður stjórnsýslulaga eiga við um þá í tilteknu máli.

Kirkjuráðsmaður sem telur sig vanhæfan samkvæmt framanskráðu skal vekja athygli forseta á því eins fljótt og honum er kostur.

12. Stjórnsýsla og starfsemi milli funda

Forseti kirkjuráðs ábyrgist framkvæmd ákvarðana kirkjuráðs, stjórnsýslu ráðsins og aðra starfsemi á þess vegum milli funda og er í fyrirsvari fyrir ráðið. Á milli funda kirkjuráðs er kjörnum kirkjuráðsmönnum óheimilt að hafa afskipti af málum sem til meðferðar eru hjá forseta ráðsins f.h. kirkjuráðs eða reyna að hafa áhrif á framgang þeirra eða niðurstöðu.

Hafi kirkjuráð samþykkt að skipta með sér verkum og annast þannig verkefni á grundvelli 12. gr. starfsreglna um kirkjuráð fer eftir bókun kirkjuráðs þar að lútandi hverjar heimildir einstakir kirkjuráðsmenn hafa við meðferð þess verkefnis sem er að ræða. Sé talin þörf á getur kirkjuráð skipt með sér verkum á sviði fjármála, lögfræðilegra mála og fasteignamála og undirbúið mál fyrir fundi. Myndaðir verða starfshópar í þessum málaflokkum með formönnum fastanefnda á kirkjuþingi, framkvæmdastjóra kirkjuráðs og starfsmönnum á biskupsstofu.

13. Nefndir á vegum kirkjuráðs um einstök mál

Samþykki kirkjuráð, á grundvelli 12. gr. starfsreglna um kirkjuráð, að skipa nefnd til að fjalla um einstakt mál, skal sú nefnd starfa á grundvelli almennra reglna um nefndir á vegum kirkjuþings, kirkjuráðs og biskups Íslands.

14. Starfsnefndir kirkjuráðs

Samþykki kirkjuráð að skipa starfsnefnd á grundvelli 12. gr. starfsreglna um kirkjuráð, til ráðgjafar, aðstoðar við stefnumótun eða til að sinna tilteknum verkefnum skal sú nefnd starfa á grundvelli almennra viðmiðunarreglna um nefndir á vegum kirkjuþings, kirkjuráðs og biskups Íslands.

15. Þóknun kirkjuráðsmanna

Fyrir undirbúning funda og fundarsetu greiðist kirkjuráðsmanni þóknun sem nemur sömu þóknun og prófastur fær í minni prófastsdæmum.

16. Ferðakostnaður

Kirkjuráðsmenn fá greiddan ferða- og dvalarkostnað í samræmi við almennar reglur kirkjuráðs um greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

17. Annað

Að öðru leyti en greinir í reglum þessum fer um stjórnsýslu og starfshætti kirkjuráðs eftir gildandi lögum og starfsreglum á hverjum tíma svo og góðum stjórnsýsluháttum.

Vinnureglur þessar öðlast gildi frá og með 1. janúar 2017.

Athugasemdir með tillögu þessari.

Í tillögum að nýjum starfsreglum um kirkjuráð sem biskup leggur fram á kirkjuþingi 2016 er kveðið á um að ráðið skuli semja vinnureglur um stjórnsýslu og starfshætti kirkjuráðs.

Forseti hefur því samið þessar tillögur að nýjum reglum og hyggst leggja þær fyrir kirkjuráð til samþykktar í haust.

Árið 2001 setti kirkjuráð sér reglur um fundi ráðsins o.fl. Um var að ræða nánari útfærslur á lögum þeim og starfsreglum sem um kirkjuráð gilda. Forseti kirkjuráðs, biskup Íslands, taldi rétt og tímabært að endurskoða þær reglur í ljósi þess tíma sem liðinn var frá samþykkt þeirra.

Voru tillögur þar að lútandi lagðar fram á fundi ráðsins þann 25. nóvember 2014.

Viðbrögð voru hins vegar þau að fresta umfjöllun um þær til næstu funda. Voru þær samþykktar með breytingum á fundi ráðsins þann 2. febrúar 2015, en numdar úr gildi á fundi þann 12. maí. Reglurnar byggja sem fyrr á lögum og starfsreglum er um kirkjuráð gilda og er ætlað að útfæra ítarlegar ýmis atriði í stjórnsýslu og starfsemi kirkjuráðs sem of nákvæmt væri að telja upp í lögum og starfsreglum.

Helstu nýmæli frá núgildandi reglum eru:

1. Fundartímar fastsettir út árið að jafnaði.
2. Skrifleg starfsáætlun.
3. Meiri áhersla á fjarfundi (tímasparnaður og lækkun kostnaðar).
5. Rafræn skjalaumsýsla – horfið frá því að nota pappír, sbr. umhverfisstefna Þjóðkirkjunnar.
6. Skýrari reglur um hvenær kirkjuráðsmenn skuli víkja sæti.
7. Skýrt að forseti kirkjuráðs annist einn stjórnsýslu milli funda og öðrum kirkjuráðsmönnum séu ekki heimil afskipti nema það sé sérstaklega ákveðið.
8. Skýrðar betur reglur um nefndir á vegum kirkjuráðs.
9. Sett inn skýr ákvæði um þóknun kirkjuráðsmanna.
10. Skriflegar og skýrar reglur um ferða- og dvalarkostnað kirkjuráðsmanna.